

## Fræðslustefna Strætó bs.

Markmið fræðslustefnu er að tryggja starfsfólk fái nauðsynlega starfsþjálfun og fræðslu. Með þjálfun og fræðslu er starfsfólk betur í stakk búið til að takast á við verkefni sín, auka hæfni, færni og þekkingu. Þannig er stuðlað að bættri frammistöðu og árangri í starfi með ánægju að leiðarljósi.

Fræðslustefna byggir á stefnu, framtíðarsýn og gildum Strætó þar sem áhersla er lögð á að veita góða **þjónustu** til viðskiptavina ásamt því að efla **gæði** og hagkvæmni almenningsgangna. Framtíðarsýn Strætó felst í að fjölga farþegum, auka tekjur, efla leiðarkerfi og **öryggi**, ásamt því að gera Strætó að **eftirsóknarverðum vinnustað**. Gildin eru **áreiðanleiki, drifkraftur og samvinna**

Í ljósi stefnunnar eru hornsteinar fræðslustarfs Strætó eftirfarandi:

1. Að viðhalda og efla **öryggi** starfsmanna og viðskiptavina.
2. Að viðskiptavinir fái góða **þjónustu** og upplifun af fyrirtækinu.
3. Að gera fyrirtækið að **eftirsóknarverðum vinnustað**.

Til þess að fylgja fræðslustefnu eftir er þarfagreining gerð árlega í samvinnu við stjórnendur og starfsmenn. Fræðsluáætlun er lögð fram tvisvar á ári.

Virgni fræðslustefnu er athuguð reglulega með skilgreindum mælikvörðum. Miðlun upplýsinga fer fram með fræðsluhjólínu sem felst í opnum fundum og kynningum, einnig hafa starfsmenn aðgang að sameiginlegum fræðslubanka.

Allir starfsmenn eru upplýstir um fræðslustefnu Strætó og hvar þeir geta kynnt sér hana.

Árlega er tekið saman yfirlit yfir virkni og stöðu fræðslumála.